

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja,
nr. 528 4. september 1998 eins og henni var breytt með reglugerð nr. 828/2003.

1. gr.

6. mgr. 10. gr. er þannig breytt:

Í stað dagsetningarinnar „15. maí 2004“ kemur: 15. maí 2005.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 75. og 76. grein umferðarlaga nr. 50 frá 30. mars 1987 með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 9. nóvember 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 398/2004, um Raunvísindastofnun Háskólans.

1. gr.

Annar málslíður 1. mgr. 4. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Til aðstöðu teljast skrifstofur og búnaður þeirra, rannsóknarstofur, mælitæki og áhöld og efni sem notuð eru til mælinga og gagnasöfnunar á rannsóknarstofum og við útvinnu svo og geymslur fyrir tæki og búnað og vinnuástaða styrkþega og nemenda í framhaldsnámi.

2. gr.

Fjórða málsgrein 8. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Að fenginni umfjöllun stofnunarfundar, eða stofufundar sé stofnuninni skipt í stofur, um ráðningu sérfræðinga skv. b-lið 11. gr. gerir stjórn viðkomandi stofnunar tillögu til rektors um veitingu starfsins, í samræmi við reglur sem raunvísindadeild hefur samþykkt.

3. gr.

Fyrsta málsgrein 13. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Heimilt er að ráða forstöðumann til stofnana innan Raunvísindastofnunar. Forstöðumaður skal ráðinn á grundvelli hæfnismats skv. III. kafla reglna nr. 458/2000 og að fenginni tillögu stjórnar viðkomandi stofnunar. Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.